

VEGAGERÐIN	
Miðstöð	
Mótt. 28 JÚNÍ 2010	
Skjalalýkill	1111/01/10
Málsnr.	219990310005



Sveitarfélagið Skagafjörður
Skagfirðingabraut 21
550 SAUÐÁRKRÓKI

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík
sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566
postur@umhverfisraduneyti.is
www.umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 23. júní 2010
Tilv.: UMH10010205/30-5

I. Málsvik

Ráðuneytinu barst tillaga Skipulagsstofnunar vegna Aðalskipulags Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021 með bréfi frá 15. janúar sl., þar sem stofnunin leggur til við umhverfisráðherra að skipulagi verði frestað á því landssvæði sem tillaga Vegagerðarinnar um nýja legu Hringvegarins nær yfir, sbr. erindi Vegagerðarinnar til Skipulagsstofnunar dags. 21. október 2009 og erindi Vegagerðarinnar til Sveitarfélagsins Skagafjarðar dags. 1. desember 2009. Þau rök sem Skipulagsstofnun færir fyrir tillögu sinni í framangreindu bréfi frá 15. janúar sl. eru eftirfarandi: „Vegna óskar Vegagerðarinnar um nýja legu Hringvegar 1 á 15 km kafla um Skagafjörð og hlutverk þeirrar stofnunar samkvæmt 2. mgr. 28. gr. vegalaga nr. 80/2007, þar sem segir m.a.: „Ákveða skal legu þjóðvega í skipulagi að fenginni tillögu Vegagerðarinnar og skipulagsyfirvalda“, leggur Skipulagsstofnun til við umhverfisráðherra að skipulagi verði frestað á því landssvæði sem tillaga Vegagerðarinnar um nýja legu Hringvegarins nær yfir...““. Að öðru leyti mælti Skipulagsstofnun með að Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021 yrði staðfest samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga, með frestun skipulags á fimm svæðum sem sveitarstjórn leggur til.

Sveitarstjórn Skagafjarðar sendi ráðuneytinu bréf dags. 25. febrúar sl. þar sem gerð er m.a. grein fyrir bókun skipulags- og byggingarnefndar á fundi nefndarinnar 5. febrúar sl varðandi mál það sem hér um ræðir. Í þeirri bókun segir m.a. að skipulags- og byggingarnefnd harmi þá afstöðu Skipulagsstofnunar að leggja til við umhverfisráðherra að fresta skipulagi á því svæði sem Vegagerðin leggi til að Hringvegur 1 fari í nýrri legu um Skagafjörð. Fyrir því telji nefndin hæpin rök. Sveitarstjórn fari með stjórn skipulagsmála í héraði og telji hún að Skipulagsstofnun eigi að samþykkja þá tillögu sveitarstjórnar að fara í samstarf við Vegagerðina um skipulag á umræddu svæði. Sveitarstjórnin hafi lýst vilja sínum til að vinna að lausn málsins í samráði við Vegagerðina og hlutaðeigandi aðila eins og lög geri ráð fyrir. Það séu góð vinnubrögð og líkleg til farsællar lausnar. Þá kemur fram í framangreindu bréfi að með breytingu á legu Hringvegar, falli Varmahlíð úr leið, en hún sé mikilvæg þjónustumiðstöð fyrir íbúa í framhluta sveitarfélagsins. Falli hún úr leið megi leiða að því líkur að ekki verði rekstrargrundvöllur fyrir þeirri þjónustu og verslun sem er í dag en slíkt gangi þvert á stefnu sveitarfélagsins. Með bréfi dags. 11. mars sl. sendi ráðuneytið sveitarfélaginu Skagafirði tillögu Skipulagsstofnunar frá 15. janúar sl. til umsagnar þar sem sveitarstjórn var veitt færi á að koma að frekari athugasemdum sínum vegna tillögu Skipulagsstofnunar, sbr. 3. mgr. 19. gr.

skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Var þess óskað sérstaklega að sveitarstjórn tæki afstöðu til röksemda Skipulagsstofnunar varðandi frestun skipulagstillögunnar. Ekki barst umsögn vegna framangreindrar beiðni ráðuneytisins en Sveitarstjórn Skagafjarðar óskaði eftir fundi með fulltrúum ráðuneytisins vegna málsins og var sá fundur haldinn í ráðuneytinu þann 12. apríl sl.

Ráðuneytið taldi rétt að leita eftir nánari afstöðu og skýringum sveitarfélagsins Skagafjarðar og Vegagerðarinnar gagnvart umferðaröryggi fyrirhugaðrar vegalagningar sem sveitarfélagið Skagafjörður hefur lagt til samanborið við tillögu Vegagerðarinnar, sbr. bréf ráðuneytisins dags. 3. maí sl. til framangreindra aðila. Sveitarfélagið Skagafjörður sendi umsögn sína með bréfi dags. 5. maí sl. og Vegagerðin með bréfi dags. 12. maí sl. sem barst ráðuneytinu 17. maí sl.

Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að tillaga Vegagerðarinnar að nýrri legu Hringvegur fram hjá Varmahlíð, muni leiða til styttingar leiðarinnar milli Akureyri og Reykjavíkur um 6 km. Þá segir að það séu nokkrir þættir sem séu þess valdandi að sá vegur sem Vegagerðin leggi til verði öruggari en núverandi vegur og eru þeir tilgreindir nánar í bréfinu, m.a. að stytting vegarins leiði ein og sér til færri óhappa og slysa en núverandi vegur. Auk þess að gert sé ráð fyrir að hinn nýji vegur verði með lægri slysatíðni en núverandi leið sem byggist á því að vegurinn verði með minni langshalla, víðari beygjum, færri gatnamótum, betri sjónlengdum og í heild með betri samfellu í veglínunni sem allt samanlagt leiði til lægri slysatíðni. Til nánari skýringar á umsögn Vegagerðarinnar fylgdi minnisblað með heitinu Hringvegur, Arnarstapi - Sólheimar, umferðaröryggi, dagsett í maí 2010. Í niðurstöðu þeirrar skýrslu kemur fram að það sé niðurstaða Vegagerðarinnar að stytting Hringvegur samkvæmt tillögu hennar muni auka mjög á umferðaröryggi.

Í umsögn sveitarfélagsins Skagafjarðar kemur m.a. fram að bæði Vegagerðin og sveitarfélagið hafi lýst yfir vilja til samráðs um endanlega veghönnun á því sem svæði sem hér um ræðir sem og öðrum í sveitarfélaginu og lögð sé áhersla á að hvar sem veglínur liggi skuli umferðaröryggissjónarmið ávallt vera í fyrirrúmi við veghönnun. Það sé álit sveitarfélagsins að ekki sé ástæða til að fresta aðalskipulagi á umræddum reit þar sem samþykkt aðalskipulagstillögunnar útilokar ekki að breytingar verði á veglínu út frá því sem tillagan gerir ráð fyrir. Alltaf megi búast við að þegar kemur að endanlegri útfærslu einstakra atriða séu líkur meiri en minni til þess að breytingar þurfi að gera á gildandi aðalskipulagi á hverjum tíma.

Með bréfi dags. 21. maí sl. óskaði ráðuneytið eftir afstöðu Skipulagsstofnunar til þess, með hliðsjón af framangreindum umsögnum Vegagerðarinnar og sveitarfélagsins Skagafjarðar, hvort stofnunin telji rétt að fresta staðfestingu skipulagstillögunnar að öllu leyti eða hluta, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga. Í bréfi ráðuneytisins kemur fram að telji Skipulagsstofnun rétt að fresta staðfestingu tillögunnar sé óskað eftir rökstuðningi fyrir því hvort stofnunin teldi að formgallar séu á afgreiðslu sveitarstjórnar eða efnislegir gallar á gerð skipulags, sbr. 3. mgr. 19. gr. laganna. Umsögn Skipulagsstofnunar barst ráðuneytinu 26. maí sl. með bréfi dags. 21. maí sl. Í umsögn Skipulagsstofnunar segir m.a.:

„Í 3. gr. skipulags- og byggingarlaga er gerð grein fyrir stjórnvöldum skipulags- og byggingarmála. Þar kemur fram í 1. mgr. að umhverfisráðherra fari með yfirstjórn skipulags- og byggingarmála skv. lögnum og að Skipulagsstofnun sé honum til aðstoðar. Í 2. mgr. kemur svo fram að sveitarstjórnir annist gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana. Þær fjalli um leyfisumsóknir, veiti byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi og annist byggingareftirlit með atbeina kjörinna nefnda og sérhæfðra starfsmanna. Í reynd merkir þetta að skipulagsvaldið er fyrst og fremst í höndum sveitarfélaga og bera þau ábyrgð á gerð og framfylgd skipulagsáætlana. Er þessi skilningur raunar staðfestur í athugasemdum við II. kafla frumvarps þess er

varð að skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, en þar segir m.a. að með frumvarpinu sé lögð til sú breyting að frumkvæði og forræði varðandi gerð skipulagsáætlana verði ótvírætt í höndum sveitarstjórna.

Í 1. mgr. 28. gr. vegalaga nr. 80/2007 segir að vegir skuli lagðir í samræmi við gildandi skipulagsáætlun eins og nánar sé kveðið á um í lögum um skipulag og vegalögum. Í 2. mgr. sömu greinar kemur svo fram að ákveða skuli legu þjóðvega í skipulagi að fenginni tillögu Vegagerðarinnar að höfðu samráði Vegagerðarinnar og skipulagsyfirvalda. Fallist sveitarfélag ekki á tillögu Vegagerðarinnar skuli það rökstyðja það sérstaklega. Þó sé sveitarfélagi óheimilt að víkja frá tillögu Vegagerðarinnar ef það leiðir til minna umferðaröryggis en tillagan felur í sér. Að öðru leyti fari um málsmeðferð skv. skipulags- og byggingarlögum. Í athugasemdum við umrætt ákvæði í greinargerð sem fylgdi með frumvarpi því er varð að vegalögum nr. 80/2007 kemur svo fram að í ákvæðinu felist ákveðin samráðsskylda á milli Vegagerðarinnar og sveitarfélaga þegar komi að ákvörðun um legu þjóðvega við gerð skipulagsáætlana. Einnig segir þar að við skipulagsgerðina kunni að koma upp sú staða að sveitarstjórn fallist ekki á tillögur og ábendingar Vegagerðarinnar og fari sveitarstjórn með skipulagsvaldið og hafi í slíkum tilvikum heimild til að ganga gegn tillögum Vegagerðarinnar. Síðari málsliður 2. mgr. 28. gr., þ.e. "Þó er sveitarfélagi óheimilt að víkja frá tillögu Vegagerðarinnar ef það leiðir til minna umferðaröryggis en tillagan felur í sér", kom inn í frumvarp til gildandi Vegalaga í meðförum samgöngunefndar Alþingis. Í nefndarálitum hennar segir um þetta atriði að leitast sé við að sveitarstjórn taki við beitingu skipulagsvalds síns fullt tillit til sjónarmiða um umferðaröryggi þegar lega þjóðvega sé ákveðin og að þessi breyting sé nauðsynleg í ljósi skýrra markmiða umferðaröryggisáætlunar stjórnvalda um fækkun umferðarslysa og kröfu þjóðfélagsins almennt um að umferðaröryggi njóti forgangs á öllum sviðum. Í því sambandi beri að nefna að gert sé ráð fyrir að tillögur Vegagerðarinnar um umferðaröryggi séu studdar viðurkenndu mati á umferðaröryggi mismunandi valkosta og m.a. stuðst við sérstaka umferðaröryggisrýni sérfræðinga á því sviði. Hvorki í lagaákvæðinu sjálfu né í greinargerð með frumvarpinu er kveðið frekar á um hvernig leysa skuli úr ágreiningi á milli sveitarfélags og Vegagerðarinnar.

Í umræddu máli hefur risið upp ágreiningur á milli Vegagerðarinnar og Sveitarfélagsins Skagafjarðar um hvort að færa skuli legu Hringvegar 1 á 15 km kafla í Skagafirði. Að mati Vegagerðarinnar hefur slík færsla í för með sér verulega aukningu á umferðaröryggi, sbr. bréf Vegagerðarinnar til umhverfisráðuneytisins dags. 12. maí 2010. Sveitarfélagið Skagafjörður hefur lýst sig andsnúið umræddri veglínu en hefur hins vegar tekið fram að það sé tilbúið til samráðs við Vegagerðina um endanlega veghönnun á svæðinu sem og öðrum í sveitarfélaginu með áherslu á að öryggissjónarmið séu ávallt í fyrirrúmi við veghönnun.

Að mati Skipulagsstofnunar ræður úrslitum í máli þessu hvort að sýnt sé fram á að tilfærsla þjóðvegarins hafi í för með sér aukningu á umferðaröryggi, en ljóst er að ef svo er ber sveitarfélaginu beinlínis að fara eftir tillögu Vegagerðarinnar, sbr. 2. mgr. 28. gr. vegalaga, en sú grein felur að mati Skipulagsstofnunar í sér nokkuð inngríp í lögbundið skipulagsvald sveitarfélaga. Í ljósi þess hversu umfangsmikið það inngríp er, telur Skipulagsstofnun hins vegar að sýna þurfi fram á með óyggjandi hætti að tilfærsla vegar hafi í för með sér aukið umferðaröryggi. Vegagerðin hefur í máli þessu vissulega sýnt fram á að rök hnígi til þess, en gegn mótmælum sveitarfélagsins, telur Skipulagsstofnun sig ekki bært stjórnvald til þess að skera úr um hvort færsla hringvegarins stuðli að auknu umferðaröryggi, enda ekki á valdsviði hennar. Að mati stofnunarinnar ríkir því óvissa um þetta atriði sem

leysa þarf úr af þar til bærum aðila, eða samkomulagi Vegagerðar og sveitarstjórnar, áður en skipulag fyrir vegsvæðið er staðfest. Bendir stofnunin t.a.m. á í því sambandi að ef sýnt verður fram á aukið umferðaröryggi í umræddu tilfalli leiðir það jafnframt til þess að beinlínis væri óheimilt að staðfesta aðalskipulagstillöguna í núverandi mynd gegn tillögu Vegagerðarinnar. Að sama skapi væri, að mati Skipulagsstofnunar, um ólögmætt inngrip í skipulagsvald sveitarfélaga að ræða, ef Sveitarfélaginu Skagafirði yrði gert skylt að fallast á tillögu Vegagerðarinnar án þess að sýnt væri fram á með óyggjandi hætti að hún hefði aukið umferðaröryggi í för með sér, og má benda á fyrrnefnd ummæli í athugasemdum við 28. gr. vegalaga í því sambandi, þar sem segir að rísi ágreiningur hafi sveitarstjórn heimild til að ganga gegn tillögum Vegagerðarinnar. Við þetta bætist svo að sveitarstjórn er útgefandi og eftirlitsaðili framkvæmdaleyfis skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga og ljóst að ýmis vandkvæði geta skapast í því sambandi ef sveitarstjórn er andsnúin framkvæmd“.

Í ljósi framangreindra sjónarmiða og þeirrar óvissu sem ríki um þau atriði er rakin hafa verið, telur Skipulagsstofnun slíkan efnisgalla vera á umræddri aðalskipulagstillögu að rétt sé að fresta staðfestingu hennar, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga, á því svæði sem Vegagerðin leggur til að Hringvegur 1 fari um, uns skorið hefur verið úr um þann ágreining er ríkir af þar til bærum aðila eða með samkomulagi sveitarstjórnar og Vegagerðarinnar“.

II. Forsendur og lagarök.

Sveitarstjórnir annast gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana. Þær fjalla um leyfisumsóknir, veita m.a. byggingar- og framkvæmdaleyfi, sbr. 2. mgr. 3. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Um gerð og framkvæmd skipulags er svo fjallað um í II. kafla laganna og um hlutverk sveitarfélaganna við að vinna skipulagstillögur og samþykkja þær og senda þær til afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Sveitarfélög bera þannig ábyrgð á gerð og framkvæmd skipulags í sínu sveitarfélagi.

Í 2. mgr. 28. gr. vegalaga nr. 80/2007 segir að ákveða skuli legu þjóðvega í skipulagi að fenginni tillögu Vegagerðarinnar og skipulagsyfirvalda. Fallist sveitarfélag ekki á tillögu Vegagerðarinnar skal það rökstyðja það sérstaklega. Þó er sveitarfélagi óheimilt að víkja frá tillögu Vegagerðarinnar ef það leiðir til minna umferðaröryggis en tillagan felur í sér. Að öðru leyti fer um málsmeðferð samkvæmt skipulags- og byggingarlögum. Í 2. mgr. 28. gr. vegalaga er þannig tekið fram að sveitarfélagi sé óheimilt að víkja frá tillögu Vegagerðarinnar ef það leiðir til minna umferðaröryggis en tillaga Vegagerðarinnar felur í sér. Í nefndarálitni með frumvarpi til vegalaga segir um þetta atriði að leitast sé við að sveitarstjórn taki við beitingu skipulagsvalds síns fullt tillit til sjónarmiða um umferðaröryggi þegar lega þjóðvega sé ákveðin og að þessi breyting sé nauðsynleg í ljósi skýrra markmiða umferðaröryggisáætlunar stjórnvalda um fækkun umferðarslysa og kröfu þjóðfélagsins almennt um að umferðaröryggi njóti forgangs á öllum sviðum. Í því sambandi beri að nefna að gert sé ráð fyrir að tillögur Vegagerðarinnar um umferðaröryggi séu studdar viðurkenndu mati á umferðaröryggi mismunandi valkosta og m.a. stuðst við sérstaka umferðaröryggisrýni sérfræðinga á því sviði. Ekki er í lagaákvæðinu né í greinargerð með frumvarpinu kveðið frekar á um hvernig leysa skuli úr ágreiningi á milli sveitarfélags og Vegagerðarinnar ef upp kemur ágreiningur um mat á umferðaröryggi.

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga er aðalskipulag, eða breyting á því, háð staðfestingu ráðherra og tekur gildi þegar staðfestingin hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda. Skipulagsstofnun gerir skv. 2. mgr. sömu greinar tillögu til umhverfisráðherra

um staðfestingu aðalskipulags synjun eða frestun á staðfestingu að öllu leyti eða að hluta. Samkvæmt 3. mgr. 19. gr. laganna skal frestun staðfestingar að öllu leyti eða hluta rökstudd með greinargerð þar sem komi fram hvort formgallar séu á afgreiðslu sveitarstjórnar eða efnislegir gallar á gerð skipulags. Ekki er í ákvæðinu eða í lögskýringum með umræddu ákvæði að finna leiðbeiningar um það í hvaða tilvikum ráðherra geti frestað staðfestingu á skipulagstillögu. Í 1. mgr. 20. gr. skipulags- og byggingarlaga, sem fjallar um heimildir sveitarstjórnar til að fresta gerð aðalskipulagsáætlunar og í 2. mgr. 20. gr. laganna um heimildir ráðherra til að fresta staðfestingu á aðalskipulagi er hins vegar sett fram skilyrði fyrir því í hvaða tilvikum þær heimildir Skipulagsstofnunar og ráðherra eru tækar. Ekki eru sett fram sambærileg skilyrði í 3. mgr. 19. gr. laganna. Hins vegar segir í 3. mgr. 19. gr. að frestun staðfestingar skuli rökstudd með því hvort formgallar séu á afgreiðslu sveitarstjórnar eða efnislegir gallar á gerð skipulags. Að mati ráðuneytisins verður því með gagnályktun frá 20. gr. laganna að túlka 3. mgr. 19. gr. laganna þannig að hún setji ekki ákveðin skilyrði líkt og í 20. gr. laganna, um það í hvaða tilvikum Skipulagsstofnun sé heimilt að gera tillögu til ráðherra um frestun á aðalskipulagi, heldur verður tillaga eða ákvörðun um frestun að byggjast á því að um sé ræða form- eða efnisgalla. Verður því að mati ráðuneytisins að túlka 3. mgr. 19. gr. svo að ákvörðun um frestun sé byggð á mati því hvort um slíka galla sé að ræða, en við slíkt mat ber að byggja á lögmætum sjónarmiðum.

Í máli þessu liggur fyrir að sveitarfélagið Skagafjörður og Vegagerðin eru ekki sammála um það hvort færa skuli legu Hringvegar 1 á 15 km kafla í Skagafirði. Að mati Vegagerðarinnar mun slík færsla auka mjög umferðaröryggi. Sveitarfélagið Skagafjörður telur hins vegar ekki rétt að fresta skipulagi á framangreindu svæði og fellst ekki á þá veglínu sem Vegagerðin leggur til. Í umsögn Sveitarfélagsins Skagafjarðar til ráðuneytisins frá 25. febrúar sl. er m.a. vísað til þess að með breytingu á legu Hringvegar falli Varmahlíð úr leið, en hún sé mikilvæg þjónustumiðstöð fyrir íbúa í framhluta sveitarfélagsins. Falli hún úr leið megi leiða að því líkur að ekki verði rekstrargrundvöllur fyrir þeirri þjónustu og verslun sem sé í dag en slíkt gangi þvert á stefnu sveitarfélagsins. Að mati ráðuneytisins vegast þannig á í máli þessu annars vegar tillögur Vegagerðarinnar um styttingu Hringvegar m.a. á grundvelli umferðaröryggissjónarmiða og hins vegar sjónarmið sveitarfélagsins um þá stefnumörkun sem það hefur um þjónustu og verslun í þeim hluta sveitarfélagsins sem hér um ræðir.

Í umsögn Skipulagsstofnunar frá 21. maí sl. segir að viss óvissa ríki um hvort færsla hringvegarins stuðli að auknu umferðaröryggi sem leysa þurfi úr svo sem með samkomulagi Vegagerðarinnar og sveitarstjórnar. Í ljósi sjónarmiða sem rakin eru í umsögninni og þeirrar óvissu sem ríkir, telur Skipulagsstofnun slíkan efnisgalla á umræddri skipulagstillögu að rétt sé að fresta staðfestingu hennar, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga, á því svæði sem Vegagerðin leggur til að Hringvegur 1 fari um, uns skorið hefur verið úr um þann ágreining.

Í máli þessu liggur fyrir að Vegagerðin og sveitarfélagið Skagafjörður hafa lagt fram mismunandi tillögur um legu Hringvegar 1 á 15 km kafla í Skagafirði. Báðir aðilar hafa að mati ráðuneytisins lögmæt sjónarmið tillögum sínum til stuðnings. Sveitarfélagið Skagafjörður á grundvelli tillögu sinnar um stefnumörkun um þróun þjónustu og verslunar í sveitarfélaginu en Vegagerðin á grundvelli umferðaröryggissjónarmiða. Fyrir liggur að báðir aðilar hafa lýst vilja sínum til samráðs um endanlega veghönnun á því sem svæði sem hér um ræðir og sveitarfélagið Skagafjörður hefur lagt áherslu á að hvar sem veglínur liggi skuli umferðaröryggissjónarmið ávallt vera í fyrirrúmi við veghönnun. Þá kom fram í bókun skipulags- og byggingarnefndar frá 5. feb. sl. að sveitarstjórn hafi lýst vilja sínum til að vinna að lausn málsins í samráði við Vegagerðina og hlutaðeigandi aðila. Þar sem tillögur framangreindra aðila um veglínu á framgreindum kafla Hringvegar eru ekki þær sömu og í ljósi 2. mgr. 28. gr. vegalaga um vægi umferðaröryggissjónarmiða við gerð skipulags telur ráðuneytið að um efnisgalla sé að ræða á umræddri skipulagstillögu, hvað varðar þann hluta sem liggur um 15 km kafla í Skagafirði, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga. Ráðuneytið telur að atvik í máli þessu séu með þeim

hætti að rétt sé að nýta heimild 3. mgr. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga um að fresta staðfestingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins Skagafjarðar að hluta. Ráðuneytið beinir því til sveitarfélagsins og Vegagerðarinnar að þau leiti leiða til að finna lausn á legu veglínu Hringveggar á því svæði sem hér er til umfjöllunar eins og vilji hefur verið til að beggja hálfu.


Með vísan til framangreinds er það niðurstaða ráðuneytisins að fresta beri staðfestingu á þeim hluta aðalskipulags sem varðar legu Hringveggar 1 á 15 km kafla í Skagafirði, þ.e. þeim hluta aðalskipulagsins þar sem aðilar eru ekki sammála um legu veglínunnar, sbr. 2. og 3. mgr. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga. Að öðru leyti verður tillaga Skipulagsstofnunar að Aðalskipulagi Skagafjarðar 2009-2021 staðfest þegar sveitarstjórn hefur sent ráðuneytinu nýja skipulagsuppdrætti í samræmi við ákvörðun ráðuneytisins um að fresta staðfestingu aðalskipulagsins að hluta. Í þessu sambandi er vísað til ákvæðis 4.23 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 þar sem segir að auðkenna skuli þau svæði á skipulagsuppdrætti þar sem skipulagi er frestað og greina frá ástæðum þess í greinargerð. Í nýjum skipulagsuppdrætti ber því að auðkenna það svæði sem fresta skal staðfestingu á með hvítum lit. Í greinargerð með uppdrættinum skal gera grein fyrir ástæðum frestunar. Óskað er eftir að Sveitarstjórn Skagafjarðar undirriti umrædd gögn og staðfesti að skipulagsuppdráttur og greinargerð sé að með sama efni og auglýst var af hálfu sveitarfélagsins skv. 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga, og í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á auglýstri tillögu, fyrir utan það svæði sem frestunin nær til.

III. Niðurstaða.

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða ráðuneytisins að fresta beri staðfestingu á þeim hluta Aðalskipulags Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021 sem varðar legu Hringveggar 1 á 15 km kafla í Skagafirði, þ.e. þeim hluta aðalskipulagsins þar sem Vegagerðin og sveitarfélagið eru ekki sammála um legu veglínunnar, sbr. 2. og 3. mgr. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga. Beinir ráðuneytið þeim tilmælum til sveitarfélagsins og Vegagerðarinnar að þau leiti leiða til að finna lausn á legu veglínu Hringveggar á því svæði sem frestun aðalskipulagsins nær til. Að öðru leyti verður tillaga Skipulagsstofnunar að Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021 staðfest þegar sveitarstjórn hefur sent ráðuneytinu nýja skipulagsuppdrætti í samræmi við ákvörðun þessa um að fresta staðfestingu aðalskipulagsins að hluta.

Fyrir hönd ráðherra


Magnús Jóhannesson


Sigríður Auður Arnardóttir

Líórti

Skipulagsstofnun, Stefán Thors, Laugavegi 166, 150 Reykjavík